

Mánudaginn 16. desember 1985.

Nr. 195/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Þóri Halldórssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skilasvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var með áfrýjunarstefndu 14. ágúst sl. skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. nóvember sl.

Þegar lögtak var gert hinn 29. september 1982 hafði gerðarþoli, Langholtsvegur 17 s/f, þegar selt og afhent eignarhlut sinn í húsinu Langholtsvegi 17 að undanskildum 24,34% af húseigninni allri. Var hér um að ræða þrjá kaupsamninga, gerða 23. febrúar, 18. júní og 24. júní 1982. Hafði kaupandi samkvæmt fyrsta kaupsamningnum þinglýst kaupsamningnum 25. febrúar. Lögtak var gert í eignarhluta gerðarþola í Langholtsvegi 17, án þess tilgreint sé nánar, hve mikill hluti húseignarinnar eignarhlutinn sé. Hann var samkvæmt því, sem áður segir, 24,34% allrar húseignarinnar. Verður að líta svo á, að lögtakið hafi einungis tekið til þess hluta, og verður því ekki talið, að með afsöllum þeim, sem félagið gaf út 15. desember 1982 og 15. janúar 1983, hafi ákærði gerst brotlegur við 2. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar seldi félagið 17. febrúar 1983 þann hluta húseignarinnar, sem það átti eftir. Ritaði ákærði undir kaupsamninginn ásamt sameiganda sínum án þess að láta lögtaksins getið, og hafði hann þó verið viðstaddur lögtaksgerðina og bent á eignarhlutann til lögtaks. Sala þessi fór því í bág við rétt Gjaldheimtunnar samkvæmt lögtakinu, og varðar hún ákærða sakfellingu samkvæmt 2. tl. 250. gr. hegningarlaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Þórir Halldórsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 14.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 14.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. janúar 1985.

Ár 1985, föstudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 32-33/1985: Ákærvaldið gegn K og Guðmundi Þóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms 17. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 20. desember 1983, „á hendur K og Guðmundi Þóri Halldórssyni prentara, Brekkugötu 24, Hafnarfirði, fæddum 3. ágúst 1944 í Reykjavík, fyrir skilasvik samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 250 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með því að hafa með afsöllum, dagsettum 15. desember 1982 og 15. janúar 1983, og kaupsamningi, dagsettum 17. febrúar 1983, selt eignarhluta sinn í fasteigninni Langholtsvegi 17, Reykjavík, sem lögtak hafði verið gert í eftir beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík og að ábendingu ákærða Guðmundar Þóris og með vitund ákærða K, þann 29. september 1982, án þess að gera þá upp samtímis lögtakskröfuna kr. 33.443,-.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með bréfi frá 22. september 1983 óskaði Gjaldheimtan í Reykjavík eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi opinber rannsókn á ætluðu undanskoti eigna sameignarfélagsins Langholtsvegjar 17 s/f. Framkvæmdastjóri félagsins, ákærði Guðmundur Þórir, hefði hinn 29. september 1982 bent við lögtaksgerð á eign félagsins Langholtsveg 17 til tryggingar opinberum gjöldum félagsins árið 1982. Eignin hefði síðan verið seld, án þess að lögtakskrafan hefði verið greidd.

Í bréfi frá Gjaldheimtunni til rannsóknarlögreglunnar frá 21. október 1983 segir að skuldir þær, sem urðu tilefni kærunnar, hafi „nú“ verið greiddar.

Við lögreglurannsókn málsins hinn 10. október 1983 skýrði kærði K svo frá, að ákærðu hefðu á árinu 1979 stofnað framangreint sameignarfélag í þeim tilgangi að kaupa fasteign og reka hana. Sama ár hefðu þeir keypt ½ fasteignina Langholtsveg 17. Eignarhlutinn hefði verið í útleigu um tíma,

en verið seldur í fernu lagi á tímabilinu frá janúar 1982 til janúar 1983. Í þeim mánuði hefði félaginu verið slitið. Meðákærði hefði alveg séð um fjárreiður félagsins og hefði ákærði síðast séð efnahags- og rekstrarreikning félagsins fyrir árið 1982. Ekki mundi ákærði, hverjar skuldirnar voru í árslok 1982, þó hefði verið um fasteignaveðskuldir að ræða, sem hefðu að mestu verið í skilum og að auki „einhver lausaskuld“ við Gjaldheimtuna.

Ákærði bar, að honum hefði ekki verið tilkynnt um lögtaksgerðina frá 29. september 1982 „sérstaklega“, en hann hefði vitað um greiðsluefðileika félagsins og skuldir við Gjaldheimtuna. Tekjur félagsins hefðu verið litlar og opinber gjöld há. Ákærða hefði eigi verið ljóst, að óheimilt væri að selja eignarhlutann í fasteigninni, hann hefði talið, að eingöngu væru fasteignaveðskuldir á eigninni, sem væru samkomulagsatriði á milli kaupanda og seljanda. Ákærði teldi öruggt, að fyrir hefði legið veðbókavottorð við söluna og hann myndi ekki eftir, að lögtaksins væri þar getið.

Eftir birtingu ákæru málsins í dómnum bar ákærði K, að sér hefði verið ókunnugt um lögtakið, sem gert var hinn 29. september 1982, er þeir samningar voru gerðir um eignina Langholtsveg 17, sem getið er um í ákæru. Ákærði kvaðst draga í efa, að allra lagaskilyrða hafi verið gætt við fógetagerðina, þar sem hún væri aðeins staðfest af einum votti, og hann liti svo á, að þinglýsa hefði átt lögtakinu tafarlaust.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12. október 1983 bar ákærði Guðmundur Þórir, að sameignarfélag ákærðu hefði hinn 15. janúar 1980, fengið afsal frá Erlingi J. Sigurðssyni, Langholtsvegi 36, fyrir 52,74% eignarinnar Langholtsvegar 17. Hinn 23. febrúar 1982 hefði Þórður Rafn Stefánsson keypt hluta af eign félagsins og fengið afsal 15. desember 1982. Hjörtur Erlendsson hefði hinn 24. júní 1982 keypt annan hluta af félaginu og Ragnar Stefánsson fengið afsal fyrir honum hinn 15. desember 1982. Frans Curtis hefði keypt þriðja hlutann 18. júní 1982 og fengið afsal fyrir honum 15. janúar 1983. Loks hefði Einar Guðmundsson og Sigvaldi Guðmundsson keypt fjórða hlutann 17. febrúar 1983, en afsal hefði ekki verið gefið út. Lagði ákærði áherslu á, að við sölurnar hefði legið fyrir veðbókavottorð og þar hefði lögtakið ekki verið tilgreint.

Ákærði kannaðist við undirritun sína á framlögðu endurriti af lögtaksgerðinni, en kvaðst vilja benda á, að til 13. febrúar 1983 hefði félagið átt 24,34% allrar húseignarinnar Langholtsvegar 17. Þann dag hefði verið gerður kaupsamningur um eignarhlutann. Samkvæmt samningnum ættu greiðslur að dreifast allt árið 1983 eða til 28. desember 1983. Afsal hefði eigi verið gefið út. Kaupanda væri kunn krafa Gjaldheimtunnar í eignina. Ákærði hefði eigi gert sér grein fyrir við söluna, að hún væri óheimil vegna lögtaksins, sem hann hefði verið búinn að gleyma.

Hinn 27. október 1983 kom ákærði Guðmundur Þórir á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Þá kvaðst ákærði ekki muna, hvort hann hefði sagt meðákærða frá lögtakinu hinn 29. september 1982. Hann hefði sjálfur gleymt því fljótt og ekki munað eftir því við sölna á eignarhlutanum.

Í dóminum vísaði ákærði til skýrslna sinna við rannsóknina og sagði jafnframt, að greiðslurnar, sem dreifast átta til ársloka 1983, hefðu ekki verið fulluppperðar fyrr en í júlí sl. Þá vildi ákærði benda á, að áður en eignin var seld í fernu lagi, hafi hvílt á henni sameiginlegar veðskuldir, eldri en lögtakið, sem varð að greiða upp fyrir umsaminn tíma í samræmi við kaupsamningana, þar sem veðhafinn vildi ekki skipta veðskuldinni á hina fjóra nýju eignarhluta. Þá vildi ákærði taka fram, að Þórunni Hafstein, þáverandi fulltrúa hjá Gjaldheimtunni, hefði verið kunnugt um, að til stæði að selja síðasta hluta eignarinnar til að gera upp opinberu gjöldin og hún hefði ekki hreyft andmælum. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa leitað fyrirfram eftir samþykki Gjaldheimtunnar til útgáfu á þeim afsölum og kaupsamningi, sem greind eru í ákæru. Ákærða minnti, að hann hefði ekki verið búinn að fá til persónulegrar ráðstöfunar neitt af söluandvirði síðasta söluhluta eignarinnar, er kæra var lögð fram, og reyndar hefði söluandvirði eignarinnar alltaf gengið til greiðslu á skuldum.

Þeir samningar, sem greindir eru bæði í ákæru og framburði ákærða Guðmundar Þóris, gátu haft í för með sér réttarspjöll eða fjártjón fyrir lögtakshafann, Gjaldheimtuna í Reykjavík, og hlaut það að vera ljóst. Ekki verður það talið afsökunarástæða, þó ákærði Guðmundur Þórir hafi gleymt lögtakinu. Allir framangreindir fjórir samningar voru til þess fallnir vegna traustfangsreglna að hafa í för með sér réttarspjöll eða fjártjón. Ekki leysir það undan sök, þótt lögtakinu hafi eigi verið þinglýst, enda ekki lögskýlt. Þinglýsingarreglum er ætlað að vernda grandalausán þriðja mann, og þinglýsing er ekki nauðsynleg gagnvart þeim, sem vita betur. Að auki sýnist réttarvernd 2. tl. 1. mgr. 250. gr. hegningarlaga vera þarfllitil, ef þinglýsa þarf þargreindum réttindum. Dómurinn telur því, að ákærði Guðmundur Þórir hafi brotið gegn greininni, en þar sem ósannað er, að meðákærði K hafi vitað um lögtakið, ber að sýkna hann, sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974.

- Ákærði Guðmundur Þórir hefur sætt refsingum, sem hér greinir:
- 1964 17/2 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
- 1965 3/6 Reykjavík: Dómur: 60 daga varðhald fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum og 17. gr. laga nr. 21, 1957. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 2/9 1965.
- 1967 17/1 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 30 daga fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1968 20/9 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1980 28/8 Kópavogi: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 38. gr. umferðarlaga.

Pegar öll atvik eru virt, ákærði hefur ekki fyrr hlotið refsiddóm fyrir hegningarlagabrot, og hann hefur bætt tjónið af brotinu, þykir unnt að ákveða að fresta skuli ákvörðun refsingar hans og að hún falli niður að liðnum tveim árum, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Guðmundur Þórir greiði annan helming sakarkostnaðarins og ríkissjóður hinn helminginn, m.a. málsvarnarlaun Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 8.000 krónur fyrir hvorn ákærðu um sig, samtals 16.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði K skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákvörðun um refsingu ákærða Guðmundar Þóris Halldórssonar skal fresta, og fellur refsíákvörðun niður eftir 2 ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Guðmundur Þórir greiði helming sakarkostnaðarins og ríkissjóður helming, m.a. málsvarnarlaun Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 8.000 krónur fyrir hvorn ákærðu um sig, samtals 16.000 krónur.

Mánudaginn 16. desember 1985.

Nr. 134/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Agli Hinrikssyni Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.